

Skipulags- og samgönguráð  
Borgartún 14  
105 Reykjavík Reykjavík

***Bókun íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis um erindi Foreldrafélags  
Breiðagerðisskóla um kröfu um aukið umferðaröryggi við Breiðagerðisskóla***

Á fundi íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis 24. mars 2022 var lagt fram erindi Foreldrafélags Breiðagerðisskóla dags. 17. mars 2022 um kröfu um aukið umferðaröryggi við Breiðagerðisskóla, sbr. 4. liður fundargerðar ráðsins sama dag.

Íbúaráð Háaleitis- og Bústaðahverfis l agði fram svohljóðandi bókun:

Íbúaráð Háaleitis og Bústaða tekur heilshugar undir erindi foreldrafélags Breiðagerðisskóla; kröfu um aukið umferðaröryggi í grennd við Breiðagerðisskóla. Skipulags- og samgönguráð er hvatt til að taka erindið til greina hið fyrsta og beita sér fyrir auknu umferðaröryggi í grennd við Breiðagerðisskóla. Of mikill hraði í götunni, þar sem eru þrír skólar; leik- grunn- og unglingaskólar sem og íbúðir og félagstarf aldraðra er íbúum mikið áhyggjuefni. Ráðið óskar eftir því að brugðist verði við með einhverjum hætti svo sem með hraðavaraaðgerðum til að sporna við of hröðum akstri og því verði komið í framkvæmd á næstu vikum. Íbúaráðið ítrekar ennfremur fyrri bókunir um of háan umferðarhraða i hverfinu, þ.m.t. í Hæðargarði og fleiri götum.

Þessu er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,  
Heimir Snær Guðmundsson  
*Miðlæg stjórnarsýsla*  
*Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa*  
Starfsmaður íbúaráða Reykjavíkurborgar

Samrit:

Hjálagt:

Íbúaráð Háaleitis og Bústaða

Ráðhúsi Reykjavíkur,

101 Reykjavík.

Reykjavík, 17. mars 2022

### **Efni: Krafa um aukið umferðaröryggi í grennd við Breiðagerðisskóla**

Undirrituð skipa stjórn foreldrafélag Breiðagerðisskóla. Breiðagerðisskóli stendur á lóð sem liggur á milli Breiðagerðis í norðri og Hæðargarði í suðri. Á sömu lóð, Hæðargarðs-megin er leikskólinn Jörfi. Við götuna er ennfremur miðstöð fyrir aldraðra/þjónustuíbúðir fyrir aldraða. Þá er gatan tengileið margra unglinga úr Fossvoginum upp í Réttarholtsskóla.

Á morgnana er því mikil umferð barna á leið í skóla og leikskóla yfir Hæðargarðinn. Mörg hver eru börnin enn að læra almennilega á umferðina.

Hámarkshraðinn í götunni, sem er að auki íbúðagata, er 30 km/klst.

Borið hefur á því að Hæðargarðurinn sé notaður sem gegnumakstursleið, einkum þegar umferð er mikil á Bústaðavegi og hafa mælingar lögreglu sýnt að um það bil helmingur ökumanna keyrir of hratt í gegnum Hæðargarð. Slíkt er algjörlega ólíðandi og skapar gríðarlega hættu fyrir börnin okkar sem þarna eiga leið um.

Ljóst er að umferðarlögin nr. 77/2019 eru margbrotin við götuna daglega, bæði með of hröðum og glannalegum akstri, sbr. 36.- 38. gr. laganna og einnig 27. gr. sem fjallar um sérstakar skyldur gagnvart gangandi vegfarendum.

Að ná niður hraða í götunni eykur öryggi barna á leið í skóla og tómsundur sem og alla aðra gangandi vegfarendur. Öryggi gangandi vegfarenda hlýtur að veða þyngra en hagsmunir ökumanna af því að komast örlítið hraðar á milli staða.

Að mati undirritaðra gæti lausnin verið að bæta við hraðahindrunum og/eða fleiri þrengingum til að hægja á umferðinni svo gatan verði óaðlaðandi valkostur fyrir gegnumakstur. Önnur lausn væri að loka götunni í miðjunni, t.d. við leikskólann Jörfa, eða í annan hvorn endann. Að líkindum væri það betri kostur en að auka við hraðahindranir því borið hefur á því að bílstjórar auki hraðann mikið á milli hraðahindrana og taki jafnvel fram úr bifreiðum sem keyra á löglegum hraða.

Í öllu falli er mikilvægt að brugðist verði við svo allir komist öruggir í skóla og vinnu. Með erindi þessu vilja undirrituð koma þessum áhyggjum sínum á framfæri og skora á Íbúaráð Háaleitis og Bústaða að beita sér í þessu máli.

Virðingarfyllst,

**Stjórn foreldrafélags Breiðagerðisskóla**